



Minnisblað

Efni: Tilraunaverkefni um verkþókhald
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri og mannauðsstjóri

Vísað er til umfjöllunar um framgang tilraunaverkefnis um verkþókhald í stjórnslu Reykjavíkurborgar.

Verkþókhald er nú þegar notað innan Reykjavíkurborgar, en fyrst og fremst í Eignasjóði og hjá umhverfis- og skipulagssviði, vegna eðlis þeirra verkefna sem þar eru.

Borgarráð samþykkti árið 2016 að fela fjármálaskrifstofu og mannauðsdeild að undirbúa tilraunaverkefni um verkþókhald. Verkefnið hefur frá þeim tíma verið til skoðunar, m.a. hefur verið kannað hjá fjármálaskrifstofu hvaða leiðir og aðferðafræði komi helst til greina og niðurstaðan er sú að þær eru einkum tvær. Annars vegar að taka upp verkþókhald í fjárhagsbókhaldskerfinu sem kallar á gagngera og tímafreka endurskoðun á uppsetningu kerfisins og hins vegar að fela starfsmönnum að skrá vinnutíma sinn eftir ákveðnum verkefnum á hverri vinnustöð. Tilraunverkefnið snýst um að fara seinni leiðina til að hraða verkefninu.

Tafir hafa orðið á því að setja slíkar tilraunir í gang. Þær tafir tengjast einkum þeim takmörkunum sem fylgja þeim kerfum sem unnt er að nota í þessu sambandi og mati á þörf, því mörg verkefni sem unnin eru t.d. á fjármálaskrifstofu eru þess eðlis að nú þegar liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það hvernig vinnutíma starfsfólks er varið og hvernig hann skiptist milli verkefna. Það er þó mögulega talinn akkur í því að sérfræðingar í áætlunar- og greiningardeild fjármálaskrifstofu, áhættumatsdeild, uppgjörseild, fjárstýringardeild og innkaupadeild skrái verkefni sín í verkþókhald og hvernig störf þeirra skipast milli A-hluta, samstæðu, fagsviða, Eignasjóðs eða fyrirtækja í B-hluta eða sérstök greiningarverkefni eða svör við fyrirspurnum frá t.d. borgarráði. Að sama skapi felst mögulega í því ávinningur fyrir mannauðsdeild, sem tilheyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, að skrá það nánar hvernig verkefni og verkþættir í störfum sérfræðinga skiptast.

Nánari útfærsla á tilraun á framangreindum stöðum verður unnin á næstu vikum og að því stefnt að setja slíka tilraun í gang síðar í vetur.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Ragnhildur Ísaksdóttir,
mannauðsstjóri